

Alþingi
Erindi nr. P 136/1110
komudagur 9.3.2009



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09. mars 2009
Tilvísun: 2009030007
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 4123070

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um visthönnun vöru sem notar orku.

Orkustofnun hefur borist beiðni frá iðnaðarnefnd Alþingis, með tölvupósti dags. 3. mars 2009, um að veita umsögn um frumvarp til laga um visthönnun vöru sem notar orku. Umsögn Orkustofnunar er eftirfarandi:

Samkvæmt 10. gr. og 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er Neytendastofu falið eftirlit og dagleg stjórnsýsla á því sviði sem lögin (frumvarpið) ná til. Fallist er á röksemdafærslu athugasemda með 10. gr. frumvarpsins þess efnis að það hlutverk Neytendastofu væri í samræmi við sjónarmið um Einfaldara Ísland. Hins vegar telur Orkustofnun ljóst að eftirlit með hvort að tilteknar vörur séu í samræmi við ákveðnar kröfur getur reynt á sérþekkingu sem eftir atvikum geti verið æskilegra að leita hjá öðrum opinberum aðilum en Neytendastofu. Þannig telur Orkustofnun þörf á því að í frumvarpinu verði opnað fyrir þann möguleika fyrir ráðherra að fela öðrum opinberum stofnunum eða aðilum eftirlit á grundvelli laganna (frumvarpsins).

Í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir að lögin taki ekki til farartækja eða vöru sem noti orku og hafi þegar verið tekin til notkunar. Orkustofnun telur ekki með fullu ljóst hvað átt er við með orðalaginu: „tekin til notkunar“. Ekki er af ákvæðinu ljóst hvað verður um þær vörur sem eru til sölu í verslunum við setningu laganna en uppfylla ekki skilyrði þeirra. Ef litið er svo á að slíkar vörur séu þá þegar teknar til notkunar væri æskilegt að slíkar útskýringar væri að finna í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins þar eð löng hefð er fyrir því í íslenskum rétti að líta til slíkra athugasemda sem lögskýringargagna.

Í 1. mgr. 4. gr. er vísað til reglna um orkunýtni og umhverfisálag samkvæmt „lögum þessum“. Er þetta orðalag einkennilegt í ljósi þess að engar reglur um orkunýtni og umhverfisálag er að finna í frumvarpi að lögunum. Það sama á við um orðalag í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins þar sem segir að framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem flytji inn vörur, beri ábyrgð á að vörur hans uppfylli orkunýtnikröfur samkvæmt „lögum þessum“. Þessar kröfur er hvergi að finna í frumvarpinu.

Þá eru að lokum gerðar athugasemdir við 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins sem teljast verður óþörf í ljósi þess að hún bætir engu við það sem sagt hefur verið í 1. mgr. 4. gr. og það sem dregið verður af eðli máls og laga.

Virðingarfyllt


f.h. orkumálastjóra
Lárus Ólafsson


Valborg Steingrimsdóttir
lögfræðingur